

REGLUR

um heiti og merkingu textílvára.

I. KAFLI

Gildissvið, undanþágur og skilgreiningar.

1. gr.

- 1.1. Reglur þessar taka til heita og merkinga textílvára.
- 1.2. Einungis er heimilt að markaðssetja textílvörur, fullbúnar, meðan á vinnslu stendur eða áður en hún hefst og á öllum stigum dreifingar séu þær í samræmi við ákvæði reglna þessara.

2. gr.

- 2.1. Ákvæði reglna þessara gilda ekki um textílvörur sem:
 1. eru ætlaðar til útflutnings,
 2. eru fluttar með umflutningi (transit purposes) undir eftirliti tollyfirvalda,
 3. eru fluttar inn með tilliti til útflutnings aftur eftir vinnslu.

3. gr.

- 3.1. Í reglum þessum merkir orðið „textílvörur“ þær vörur óunnar, hálfunnar eða fullunnar sem innihalda textíltrefjar, nefndar í viðauka I, sem eru minnst 80% af þyngd þeirra.
- 3.2. Eftirfarandi vörur teljast einnig til textílvára:

1. húsgagnaáklæði, regnhlíf- og sóhlífarefni sem er að hluta textíltrefjar, minnst 80% af þyngd. Þetta á einnig við um textílefnishluta í marglaga gólfteppum (floor coverings), í teppum og viðlegubúnaði og varmafóðri í fótabúnaði, hönskum og vettlingum svo fremi slíkir hlutar eða fóður sé minnst 80% af heildarþyngd hlutarins,
2. textílefni sem felld eru inn í aðrar framleiðsluvörur og mynda óaðskiljanlegan hluta þeirra, svo fremi samsetningar sé getið.

4. gr.

- 4.1. Í reglum þessum merkir orðið „textíltrefja“:
 1. efniseiningu sem einkennist af sveigjanleika, finleika og mikilli lengd samanborið við mesta þvermál og gerir hana þannig nothæfa í textílframleiðslu,
 2. sveigjanlegar lengjur, flatar eða holar, þar sem sýnileg breidd er ekki meiri en 5 mm. Einnig á þetta við um lengjur sem skornar eru af breiðari lengjum eða lögum sem gerðar eru úr efnum sem notuð eru við framleiðslu trefja þeirra sem skráðar eru undir töluíðum 17–44 í viðauka I og eru nothæfar í textílframleiðslu. Sýnileg breidd er breidd hinnar flötu eða holu lengju samanbrotinnar, útflattrar, samanþjappaðrar eða undinnar eða meðalbreidd þar sem breiddin er ekki alls staðar sú sama.

II. KAFLI

Heiti og lýsing textíltrefja.

5. gr.

- 5.1. Heiti og lýsing trefja í skilningi 3. gr. er skráð í viðauka I. Notkun heita í töflunni í viðauka I er bundin við þær trefjar sem lýst er undir sömu málsgrein í töflunni. Ekkert þessara heita má nota um aðrar trefjar, eitt sér, í orðasamböndum eða sem lýsingarorð.

Silki.

6. gr.

6.1. Óheimilt er að nota orðið silki til að gefa til kynna lögun eða sérstaka eiginleika textíltrefja sem óslitins þráðar nema silkitrefjar séu hluti af vörunni.

Hrein textílvara.

7. gr.

7.1. Óheimilt er að lýsa textílvöru sem „100%“, „hreinni“, „al-“ eða nota önnur áþekkt orð nema hún sé einvörðungu samsett úr trefjum sömu tegundar.

7.2. Heimilt er að textílvara innihaldi aðrar trefjar, allt að 2% af þyngd, svo fremi tæknilegar orsakir liggi að baki og að ekki sé aukið við þær á kerfisbundinn hátt. Sé um kembdar (carded) textílvörur að ræða skal hækka vikmörkin í 5%, sbr. þó 4. mgr. 8. gr.

„Ný ull“.

8. gr.

8.1. Einungis er heimilt að lýsa ullarvöru með orðunum:

- „Ný ull“
- „Laine vierge“ eða „Laine de tonte“
- „Schurwolle“
- „Lana virgine“ eða „Lana di tosa“
- „Scheerwol“
- „Friskklippet uld“

ef hún er einvörðungu samsett úr trefjum sem ekki hafa áður verið notaðar í fullunna vöru, hafa ekki verið spunnar og/eða þæfðar nema vegna framleiðslu fyrrnefndrar ullarvöru og hafa ekki skemmt í meðhöndlun eða notkun.

8.2. Heimilt er að nota orðin hér að framan til þess að lýsa ull í trefjablöndu þegar:

1. öll ull í blöndunni stenst kröfur skilgreindar í 1. mgr.,
2. ullin vegur ekki minna en 25% af heildarþyngd blöndunnar,
3. ullinni er einvörðungu blandað saman við eina tegund trefja af annarri gerð þegar um grófkembda blöndu (scribbled mixture) er að ræða.

8.3. Í tilviki sem um getur í 2. mgr. skal gefa upp hundraðshluta allra efna í samsetningunni.

8.4. Takmarka skal þau vikmörk sem má réttlæta vegna tæknilegra orsaka og tengjast framleiðslu við 0,3% annarra trefja þegar um ræðir framleiðsluvörur sem lýst er með einu framan-talinna orða í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr., þar með taldar kembdar (carded) ullarvörur.

Textílvörur úr tveimur eða fleiri tegundum trefja.

9. gr.

9.1. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur eða fleiri tegundum trefja, þar sem ein tegundin nemur a.m.k. 85% af heildarþyngd.

Þetta er hægt að gera:

1. með heiti þeirrar trefjategundar og hundraðshluta hennar miðað við þyngd, eða
2. með heiti þeirrar trefjategundar og orðunum „minnst 85%“ þar á eftir, eða
3. með hundraðshlutum allra efna sem framleiðsluvaran er samsett úr.

9.2. Merkja skal textílvöru, sem samsett er úr tveimur trefjum eða fleirum, þar sem engin trefjategund nær 85% af heildarþyngd,

- með heiti og hundraðshluta a.m.k. tveggja helstu trefjanna miðað við þyngd, ásamt heitum annarra trefjaefnisþátta sem skulu koma á eftir í réttri röð, sem miðast skal við

þyngd. Upplýsingarnar eiga að vera með eða án upplýsinga um hundraðshluta miðað við þyngd.

9.3. Heimilt er að merkja allar trefjategundir, sem hver um sig eru minna en 10% af heildarþyngd framleiðsluvöru, í einu lagi með orðunum „aðrar trefjar“. Þar á eftir skal greina frá samanlögðum hundraðshlutum miðað við þyngd. Sé heiti trefjategundar sem ekki nær 10% af heildarþyngd vörunnar tilgreint, skal gefa upp hundraðshluta allra efna sem framleiðsluvara er samsett úr.

Vefnaðarblanda úr baðmull og hör.

10. gr.

10.1. Heimilt er að gefa framleiðsluvörum með hreina baðmullaruppistöðu og hreint hörivaf, þar sem hundraðshluti hörs er ekki undir 40% af heildarþyngd ósteinds vefnaðar, heitið „vefnaðarblanda úr baðmull og hör“ og skal þessi lýsing á samsetningu fylgja „hrein baðmullaruppistaða-hreint hörivaf“.

Leyfileg frávik í hundraðshlutum.

11. gr.

11.1. Textílvörur til sölu á neytendamarkaði með samsetningu í hundraðshlutum eins og fram kemur í 1., 2. og 3. mgr. 9. gr. og 1. mgr. þessarar greinar skal leyfa eftirfarandi frávik án þess að gera grein fyrir því:

1. þegar aðrar trefjar eru allt að 2% af heildarþyngd textílvörunnar enda sé það gert vegna tæknilegra forsendna og ekki er um fasta venju að ræða. Heimild skal aukin í 5% sé um kembdar (carded) framleiðsluvörur að ræða.
2. þegar frávik allt að 3% miðað við heildarþyngd eru milli uppgefinna hundraðshluta trefja á vörumiða og þeirra er fram koma við greiningu. Sömu frávik gilda einnig um trefjar sem í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr., eru skráðar í röð eftir þyngd án þess að hundraðshluti þeirra komi fram. Vikmörk þessi gilda einnig um þá trefjablöndu sem getið er um í b-lið 2. mgr. 8. gr.

11.2. Við greiningu skal reikna fyrrnefnd frávik út hvert fyrir sig. Heildarþyngdin sem taka skal mið af við útreikning frávika og getið er um í 1. mgr. 2. tölul. er heildarþyngd trefja fullunninnar vöru, að frátalinni þyngd allra annarra trefja sem fram koma þegar beitt er ákvæðum um frávik sem um getur í 1. tölulið. Einungis er heimilt að leggja saman tölurnar fyrir frávikin sem um getur í 1. mgr. 1. og 2. tölul. ef einhverjar utanaðkomandi trefjar, sem fram koma við greiningu, þegar frávikin sem um getur í 1. tölul. eru notuð, reynast vera af sömu gerð og trefjar sem fram koma á vörumiða.

11.3. Ekki er unnt að leyfa hærri vikmörk en frá er greint í 1. mgr. 1. og 2. tölul. nema fyrir sérstakar textílvörur, vegna tæknilegra ástæðna, svo framarlega að gild rök liggi fyrir af hálfu framleiðanda.

Blandaðar trefjar.

12. gr.

12.1. Heimilt er að nota hugtakið „blandaðar trefjar“ eða hugtakið „ótiltekin textílsamsetning“ um allar vörur sem ekki er auðveldlega unnt að tilgreina samsetningu fyrir þegar framleiðsla fer fram.

13. gr.

13.1. Með fyrirvara um frávik sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr. og 1.–3. mgr. 11. gr. er ekki þörf á að nefna:

1. sýnilegar, aðgreinanlegar trefjar, sem einungis eru til skrauts og ekki eru yfir 7% af þyngd fullunninnar vöru,
2. trefjar (t.d. málmrefjar) sem felldar eru inn í efnið til að koma í veg fyrir rafmögnun og ekki eru yfir 2% af þyngd fullunninnar vöru.

13.2. Í framleiðsluvörum sem um getur í 10. gr. með hreina baðmullaruppistöðu og hreint hörívaf skal ekki reikna þessa hundraðshluta út miðað við þyngd vefnaðarins heldur þyngd uppistöðunnar og ívafsins hvort í sínu lagi.

14. gr.

14.1. Þegar athugað er hvort samsetning textílværa sé í samræmi við það sem segir í reglum þessum skal ákvarða hundraðshluta trefja með því að leggja videigandi frávik við þurrt efnismagn hverrar trefjategundar sem mælt er fyrir um í viðauka II.

14.2. Draga skal frá eftirtalda hluti áður en hundraðshluti trefja er ákvarðaður:

1. *Allar textílvörur.*

Draga skal frá hluti sem ekki eru gerðir úr textílefnum, jaðra, miða og merki, bryddingar, bönd og leggingar, sem ekki eru óaðskiljanlegur hluti vörunnar, hnappa og spennur þakta textílefnum, fylgihluti, skraut, borða, teygjanlega þræði og bönd sem bætt er við vöruna á tilteknum og afmörkuðum stöðum og með fyrirvara um skilyrði, tilgreind í 13. gr., sýnilegar, aðgreinanlegar trefjar til skrauts eingöngu og trefjar sem koma í veg fyrir rafmögnun.

a) *Gólfteppi (floor coverings and carpets)*

(sbr. 16. gr. 3. mgr. f-lið).

Draga skal frá alla aðra hluti en slitlag (use-surface).

b) *Húsgagnaáklæði.*

Draga skal frá uppistöðu og ívaf til bindingar og fyllingar sem ekki er hluti slitlags.

c) *Hengi og gluggatjöld.*

Draga skal frá uppistöðu og ívaf til bindingar og fyllingar sem ekki eru hluti af réttu efnisins (right side of the fabric).

d) *Aðrar textílvörur.*

Draga skal frá undirlag, fyllingar, millifóður og annað fóður notað til styrktar og til að viðhalda sniði og lögun vörunnar. Einnig skal draga frá saumagarn svo fremi að það komi ekki í stað uppistöðu og/eða ívafs efnisins. Þetta er með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 16. gr., (fóður).

Ekki má þó draga frá efni sem gegnir hlutverki undirlags fyrir réttuna einkum í ábreiðum og tvöföldum efnum, og fyrir flauel eða flosefni og ámóta framleiðsluvörur.

2. *Steining og önnur viðbótarefni.*

Draga skal frá fituefni, bindiefni, efni til þyngingar og steiningar, gegnsýringarefni, viðbótarefni notuð í sambandi við litun og prentun ásamt öðrum efnum sem notuð eru við meðferð á textílvörum.

Ofangreind efni mega ekki vera til staðar í þeim mæli í textílvörum á markaðnum að þau geti villt um fyrir neytendum.

III. KAFLI Merkingar.

Merking með vörumiða eða á textílvöru.

15. gr.

15.1. Merkja skal textílvöru með upplýsingum sem eru í samræmi við ákvæðin í 5.–12. gr. í hvert sinn sem vara er markaðssett. Gildir það um öll framleiðslu- og sölustig vörunnar sbr. þó 4. mgr. Öðrum upplýsingum en kveðið er á um í reglum þessum skal haldið algerlega aðskildum, að frátöldum vörumerkjum og fyrirtækjaheitum.

Sala til neytenda.

16. gr.

16.1. Við sölu eða í tilboðum til neytenda skal tilgreina á skýran hátt í viðskiptaskjölum heiti, lýsingu og upplýsingar varðandi trefjainnihald sem um getur í 5.–12. gr. og í viðauka I með greinilegu og læsilegu prentletri sömu tegundar, einkum í verðlistum, auglýsingabæklingum, á umbúðum, vörumiðum og merkingum. Á textílvörum sem seldar eru í metratali, skal gefa upp samsetningu á lengju þeirri eða stranga sem boðin er til sölu þannig að neytendur geti auðveldlega kynnt sér upplýsingarnar.

16.2. Ef í vörumerki eða fyrirtækjaheiti kemur fram heiti, skráð í viðauka I, sem hætt er við að ruglað verði saman við upplýsingar um trefjainnihald í vörunni, skal vörumerkið eða fyrirtækjaheitið koma strax á eftir eða undan heitum, lýsingu og einstökum upplýsingum um trefjainnihald sem um getur í 5.–12. gr. og í viðauka I. Það skal prentað með auðlæsilegum og áberandi bókstöfum.

Sala til annarra en neytenda.

17. gr.

17.1. Á textílvörur, sem ekki eru boðnar neytendum til sölu eða sem eru afgreiddar samkvæmt pöntun frá ríki eða öðrum opinberum aðilum, mega í staðinn fyrir merkingar í samræmi við ákvæðin í 5.–12. gr. koma greinilegar upplýsingar í viðskiptaskjölum. Notkun skammstafana í viðskiptaskjölum, á fylgireikningum og vörureikningum er ekki heimil, nema notað sé vélrænt táknróf (mechanised processing code) og það útskýrt í sama skjali.

Notkun annarra heita eða tákna.

18. gr.

18.1. Önnur tilgreind heiti eða tákni sem nefnd eru í 5.–8. gr. og varða sérkenni textílvara, má nota þegar þessi heiti eða tákni eru í samræmi við góða verslunarsíði.

Textílvörur úr tveimur eða fleiri efnisþáttum.

19. gr.

19.1. Á öllum textílvörum samsettum úr tveimur eða fleiri efnisþáttum - og er innihalda ólíkar trefjategundir - skal vera áfestur vörumiði þar sem fram kemur trefjainnihald hvers efnisþáttar. Ekki er skylt að merkja á sama hátt efnisþætti sem eru undir 30% af heildarþyngd framleiðsluvörunnar, nema um sé að ræða sýnilegt fóður.

19.2. Innihaldi tvær eða fleiri textílvörur sömu trefjategund, sem mynda venjulega eina samstæðu, er aðeins þörf á einum áfestum miða.

19.3. Sérstök ákvæði gilda um merkingu eftirfarandi textílvara:

1. *Lífstykkiavörur.*

Sýna skal trefjasamsetningu eftirfarandi lífstykkjavara með því að tilgreina samsetningu framleiðsluvörunnar í heild eða þeirra hluta sem taldir eru upp hér að neðan. Þetta skal gert í einu lagi eða með því að merkja hvern hlut sérstaklega:

- brjóstahaldarar: efni í ytri og innri hluta skála og bakhluta,
- lífstykki: framstykki, bakstykki og hliðarstykki,
- samfellur, (korselet): efni í ytri og innri hluta skála, framstykki, bakstykki og hliðarstykki,
- trefjasamsetningu annarra lífstykkjavara, skal gefa til kynna með því að tilgreina samsetningu framleiðsluvörunnar í heild eða samsetningu ólíkra hluta varanna, annaðhvort sameiginlega eða hvern um sig. Ekki er skylt að merkja vörurnar þannig þegar um ræðir hluta sem eru minna en 10% af heildarþyngd framleiðsluvörunnar.

Aðskildar vörumerkingar ólíkra hluta lífstykkjavara, sem um getur að ofan, skal gera þannig að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á hvaða hluta vörunnar upplýsingarnar á vörumiðanum vísa.

2. *Ættar textílvörur (etch-printed textiles).*

Gefa skal upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu ættu hlutanna. Hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu.

3. *Útsaumaðar textílvörur.*

Gefa skal upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild og er heimilt að tilgreina sérstaklega samsetningu grunnefnisins og samsetningu útsaumsgarnsins. Hluta þessa skal tilgreina með heiti sínu, en séu útsaumuðu hlutarnir minna en 10% af yfirborði vörunnar nægir að tilgreina samsetningu grunnefnisins.

4. *Garn, samsett.*

Fyrir garn sem samanstendur af kjarna og slíðri (a core and a cover) sem er gert úr ólíkum trefjum og boðið neytendum til sölu sem slíkt, skal gefa upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild. Heimilt er að tilgreina samsetningu kjarnans og samsetningu slíðursins sérstaklega, en þá skal tilgreina þessa hluta með heiti sínu.

5. *Textílvörur úr flaueli og flosi (velvet and plush) eða textílvörur sem líkjast flaueli eða flosi.*

Gefa skal upp trefjasamsetningu fyrir vöruna í heild. Ef umrædd vara hefur framhlið og sérstaka bakhlið sem er gerð úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa upp trefjasamsetningu fyrir hvorn þessara hluta sérstaklega, sé heitis þeirra getið.

6. *Gólfteppi (floor coverings and carpets)*

Ef undirlag og slitlag (the backing and the use-surface) er úr ólíkum trefjum er heimilt að gefa aðeins upp samsetningu slitlagsins, enda sé heiti þess getið.

Undanþága frá kröfu um merkingu.

20. gr.

20.1. Ákvæðin í 15.–19. gr. gilda ekki um þær vörur sem nefndar eru í viðauka III þrátt fyrir framleiðslustig, sem vörurnar kunna að vera á, nema vörurnar séu með merkingu sem gefa til kynna heiti, trefjasamsetningu, vörumerkingu eða nafn fyrirtækis nema orð sem fram koma í viðauka I séu notuð sem aðalheiti, heiti um eiginleika eða í orðasamböndum.

Sameiginlegur vörumiði.

21. gr.

21.1. Fyrir textílvörur nefndar í viðauka IV má nota sameiginlegan vörumiða svo framarlega sem vörurnar eru af sömu gerð og hafa sömu trefjasamsetningu. Hinn sameiginlegi vörumiði skal innihalda þau heiti er varða trefjar og trefjasamsetningu sem mælt er fyrir um í þessum reglum.

21.2. Sama ákvæði gildir ef einstakar einingar textílvara, nefndar í viðauka IV nr. 18, eru merktar.

21.3. Vörur nefndar í 1. mgr. skal bjóða til sölu á þann hátt að neytendur geti með góðu móti kynnt sér upplýsingar um trefjainnihald.

IV. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

22. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum skv. 22. og 26. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

23. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna nr. 719/1998 sem falla jafnframt úr gildi.

Með reglunum er Ísland að uppfylla skyldur sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).*

Neytendastofu, 13. apríl 2007.

Tryggvi Axelsson.

Kristín Færseth.

* Reglurnar taka mið af tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílheiti nr. 96/74/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 97/37/EB, 2006/3/EB og 2007/3/EB, um breytingu að því er varðar aðlögun að tækniframförum á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB um textílheiti.

VIÐAUKI I
Tafla yfir textíltrefjar
sbr. 3., 5., 15. og 17. gr.

Númer	Heiti	Lýsing trefja
1	ull (1)	trefjar úr reyfi sauðfjár <i>Ovis aries</i>
2	alpaka, lama, úlfaldi, kasmír, móhár, angóra, vikúnja, jakuxi, gúanakó, kasgóra með eða án heitisins „ull“ eða „hár“ (1)	hár af eftirtöldum dýrum: alpaka, lamadýri, úlfalda, kasmírgeit, angórageit, angórákanínu, vikúnja, jakuxa, gúanakó, kasgórageit (kynblendingur kasmírgeitar og angórageitar)
3	dýrahár eða hrosshár með eða án upplýsinga um dýrategund (t.d. nautshár, algeng geitarull, hrosshár)	hár af ýmsum dýrum sem ekki eru talin upp undir 1 eða 2
4	silki	trefjar einungis fengnar frá skordýrum sem spinna silki
5	baðmull	trefjar úr fræbelgjum baðmullarplöntunnar <i>Gossypium</i>
6	kapok	trefjar úr innveggjum hýðisaldina kapoktrésins <i>Ceiba pentandra</i>
7	hör	bastrefjar úr stönglum línplöntunnar <i>Linum usitatissimum</i>
8	hampur	bastrefjar úr stönglum hamplöntunnar <i>Cannabis sativa</i>
9	júta	bastrefjar úr plöntunum <i>Corchorus olitorius</i> og <i>Corchorus capsularis</i> . Að því er varðar tilskipanir þessar nr. 96/74/EB og 97/37/EB skal fara með bastrefjar úr eftirfarandi tegundum á sama hátt og júta: <i>Hibiscus cannabinus</i> , <i>Hibiscus sabdariffa</i> , <i>Abutilon avicennae</i> , <i>Urena lobata</i> , <i>Urena sinuata</i>
10	abaca (manillahampur)	trefjar úr blaðslíðri plöntunnar <i>Musa textilis</i>
11	alfa	trefjar úr laufi plöntunnar <i>Stipa tenacissima</i>
12	kókostrefjar (kókoshneta)	trefjar úr ávexti kókospálmans <i>Cocos nucifera</i>
13	gifill	bastrefjar úr stönglum plöntunnar <i>Cytisus scoparius</i> og/eða <i>Spartium junceum</i>
14	ramí	bastrefjar úr <i>Boehmeria nivea</i> og <i>Boehmeria tenacissima</i>
15	sísal	trefjar úr laufi <i>Agave sisalana</i>
16	trefja súnnplöntu	bastrefjar úr <i>Crotalaria juncea</i>
17	sísalhampur	bastrefjar úr <i>Agave fourcroydes</i>
18	trefja eyðimerkurlilju	bastrefjar úr <i>Agave cantala</i>
19	asetat	trefjar úr sellulósaasetati með minna en 92% en a.m.k. 74% hýdroxílhópa af edikssýru (acetylated)
20	algínat	trefjar úr málmsöltum úr algínsýru

Númer	Heiti	Lýsing trefja
21	kúpró (kúprammóníum reion)	endurmyndaðar beðmitrefjar fengnar með kúprammóníummeðferðinni
22	módal	Endurmynduð beðmitrefja, fengin með breyttri viskósuaðferð, með mikinn slitkraft og mikið þanþol í vætu. Slitkraftur (B_c) við skilyrtar prófaðstæður og kraftur (B_m) sem þarf til að lengja trefjategundina um 5% í vætu eru: B_c (CN) $\geq 1,3 \sqrt{T} + 2T$ B_m (CN) $\geq 0,5 \sqrt{T}$ þar sem T er meðalþéttleiki trefja í decitex
23	eggjahvítuefni (1)	trefjar úr náttúrlegum hvítuefnum, endurmyndaðar og komið í jafnvægi fyrir tilverknað efna
24	tríasetat	trefjar úr sellulósaasetati með a.m.k. 92% hýdroxílhópa af edikssýru (acetylated)
25	viskósa	endurmyndaðar beðmitrefjar (trefjar úr hárfinum þræði og samfelldum) fengnar með viskósuaðferðinni
26	akríl (1)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem ná a.m.k. yfir 85% af keðju þeirri sem akrílnítríl myndar (miðað við efnismagn)
27	klórtrefjar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum þar sem vínýlklóríð eða vínýlidenklóríð einliða einingar myndar meira en 50% keðjunnar miðað við efnismagn
28	flúortrefjar	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum úr alifatískum einliða sameindum flúor-kolefnis
29	módaakríl (2)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum þar sem akrílnítríl myndar meira en 50% og minna en 85% keðjunnar (miðað við efnismagn)
30	pólýamíð eða nælon (2)	trefja mynduð úr syntetískum línulaga stórsameindum með endurteknum amíðtengingum í keðjunni, þar sem að minnsta kosti 85% þeirra eru bundnar alifatískum eða hringalifatískum einingum
31	aramíð	trefja mynduð úr syntetískum línulaga stórsameindum sem eru myndaðar úr arómatískum hópum, innbyrðis bundnum með amíð- eða ímíðtengingum, þar sem að minnsta kosti 85% tenginganna bindast beint tveimur arómatískum hringjum og þar sem

Númer	Heiti	Lýsing trefja
		ímíðtengingar, séu þær til staðar, eru ekki fleiri en amíðtengingar
32	pólýímíð	trefja mynduð úr syntetískum línulaga stórsameindum með endurteknum ímíðeiningum í keðjunni
33	lýósell (3)	endurmynduð beðmitrefja fengin með uppleysingu og spuna í lífrænu leysiefni, án þess að afleiður verði til
34	pólýester	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem ná a.m.k. yfir 85% (miðað við efnismagn) af keðju þeirri sem mynduð er af ester úr díól- og tereftalsýru
35	pólýetýlen (2)	trefjar myndaðar úr mettuðum línulaga stórsameindum úr alifatískum vetniskolefnum sem ekki er unnt að fjarlægja með skiptiefnahvörfum
36	pólýprópýlen (2)	trefjar myndaðar úr mettuðum línulaga stórsameindum úr alifatískum kolvatnsefnum þar sem önnur hver kolefnisfrumeind er tengd metýlkeðju samkvæmt ísótaktískri niðurröðun og án frekari skiptiefnahvarfa
37	pólýkarbamið (2)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa í keðjunni hinn virka þvagefnishóp sem kemur fram aftur og aftur (NH-CO-NH)
38	pólýúretan (2)	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem myndaðar eru úr keðjum með hinum virka úretanhópi sem kemur fram aftur og aftur
39	vínýlal	trefjar myndaðar úr línulaga stórsameindum sem hafa keðju byggða upp af pólývínýlalkóhóli með breytilegu stigi asetaliseringar
40	trívínýl (2)	trefjar myndaðar úr þremur mismunandi einliða vínýl sameindum, þ.e. akrílnítríl, klórborinni einliða vínýlsameind þar sem engin þeirra nær svo miklu sem 50% af heildarefnismagni
41	elastódíen (2)	teygjanlegar trefjar úr náttúrlegu eða syntetísku pólýísópreni eða úr einum eða fleiri díenum, fjölliðuðum með eða án einnar einliða vínýlsameindar eða fleiri og skreppa strax saman næstum í upphaflega lengd þegar þær eru teygðar þrisvar sinnum upphaflega lengd sína og sleppt aftur
42	elastan	teygjanlegar trefjar úr minnst 85% (miðað við efnismagn) af niðurhlutuðu pólýúretani og sem skreppa strax saman næstum í

Númer	Heiti	Lýsing trefja
		upphaflega lengd þegar þær eru teygðar í þrisvar sinnum upphaflega lengd sína og sleppt aftur
43	glertrefjar	trefjar úr gleri
44	heiti sem svarar til efnis þess sem trefjarnar eru myndaðar úr, t.d. málmí (málmkenndur, málmgerður), asbesti, pappír, með eða án viðbótarinnar „garn“ eða „trefjar“	trefjar úr ýmiss konar efnum eða nýjum efnum sem ekki eru skráðar að ofan
45	elastómultiester	trefjar sem eru myndaðar með gagnvirkni tveggja eða fleiri efnafræðilega ólíkra, línulegra stórsameinda í tveimur eða fleiri aðskildum þrepum (þar sem engin fer yfir 85% miðað við massa) sem innihalda esterahópa sem ráðandi starfræna einingu (a.m.k. 85%) og sem, eftir viðeigandi meðhöndlun, skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína þegar þær eru teygðar í eina og hálfu upphaflega lengd sína og sleppt
46	elastólefin	trefjar samsettar úr a.m.k. 95% stórsameinda (miðað við massa) sem að hluta til eru víxl-tengdar, gerðar úr etýleni og a.m.k. einu öðru ólefini og sem skreppa fljótt saman og að verulegu leyti í upphafslengd sína þegar þær eru teygðar í eina og hálfu upphaflega lengd sína og sleppt aftur

1. Einnig er heimilt að nota heitið „ull“ í 1. tölulið viðauka þessa til að auðkenna trefja-blöndu úr sauðfjárreyfi og hárum sem skráð eru í þriðja dálki 2. tölulið. Ákvæði þetta gildir um textílvörur sem skráðar eru í 7. og 8. gr. og þær sem um getur í 9. gr. svo fremi sem þær síðarnefndu eru að hluta samansettar úr trefjum þeim sem skráðar eru í 1. og 2. tölulið.
2. Orðið „trefjar“ er undirskilið.
3. Litið er svo á að „lífrænt leysiefni“ merki fyrst og fremst blöndu lífrænna kemískra efna og vatns.

VIÐAUKI II

Viðurkennd frávik notuð til útreikninga á efnismagni trefja í textílvöru sbr. 14. gr.

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
1-2	Ull og dýrahár: Greiddar trefjar (combed fibres) Kembdar trefjar (carded fibres)	18,25 17,00 (1)

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
3	Dýrahár:	
	Greiddar trefjar (combed fibres)	18,25
	Kembdar trefjar (carded fibres)	17,00 (1)
	Hrosshár:	
	Greiddar trefjar (combed fibres)	16,00
	Kembdar trefjar (carded fibres)	15,00
4	Silki	11,00
5	Baðmull:	
	Venjulegar trefjar	8,50
	Styrktar trefjar (merceriseraðar trefjar)	10,50
6	Kapok	10,90
7	Hör	12,00
8	Hampur	12,00
9	Júta	17,00
10	Abaca	14,00
11	Alfa	14,00
12	Kókostrefjar	13,00
13	Gífill	14,00
14	Ramí (bleikt trefja)	8,50
15	Sísal	14,00
16	Trefja súnnplöntu	12,00
17	Sísalhampur	14,00
18	Trefja eyðimerkurlilju	14,00
19	Asetat	9,00
20	Algínat	20,00
21	Kúpró	13,00
22	Módal	13,00
23	Eggjahvítuefni	17,00
24	Tríasetat	7,00
25	Viskósa	13,00
26	Akríl	2,00
27	Klórtrefjar	2,00
28	Flúortrefjar	0,00
29	Móda akríl	2,00
30	Pólýamíð eða nælon:	
	Ósamfelldar trefjar	6,25
	Samfelldur þráður	5,75
31	Aramíð	8,00
32	Pólýimíð	3,50
33	Lýósell	13,00
34	Pólýester:	
	Ósamfelldar trefjar	1,50
	Samfelldur þráður	1,50
35	Pólýetýlen	1,50
36	Pólýprópýlen	2,00

Trefjanr.	Trefjar	Hundraðshlutar
37	Pólýkarbamið	2,00
38	Pólýúretan: Ósamfelldar trefjar Samfelldur þráður	3,50 3,00
39	Vínýlal	5,00
40	Trívínýl	3,00
41	Elastódíen	1,00
42	Elastan	1,50
43	Glertrefjar: Meðalbreidd meiri en 5 mikron Meðalbreidd minni en 5 mikron	2,00 3,00
44	Málmtréfjar Málmgerðar trefjar Asbest Pappírsgarn	2,00 2,00 2,00 13,75
45	Elastómultiester	1,50
46	Elastólefin	1,50

1. Textílvara sem inniheldur ull og/eða dýrahár þar sem ómögulegt er að ganga úr skugga um hvort þau eru greidd eða kembd skal einnig nota 17% samþykkt frávik.

VIÐAUKI III

Framleiðsluvörur sem ekki er unnt að krefjast vörumerkinga eða merkinga fyrir samkvæmt 1. mgr. 17. gr.

1. Ermabönd.
2. Úrarmbönd úr textílefnum.
3. Vörumiðar og einkennismerki.
4. Stoppaðir pottaleppar úr textílefnum.
5. Tehettur.
6. Kaffihettur.
7. Ermahlífar.
8. Handskjól önnur en úr flosvefnaði (múffur).
9. Gerviblóm.
10. Nálapúðar.
11. Málaður strigi eða málað léreft.
12. Textílvörur notaðar í millifóður og til styrktar í fatnaði o.fl.
13. Flóki (filt).
14. Notaðar textílvörur (t.d. fatnaður) sem greinilega eru seldar sem slíkar.
15. Legghlífar.
16. Umbúðir, ekki nýjar og seldar sem slíkar.
17. Flókahattar.
18. Reið- og aktygi úr textílefnum.
19. Ferðavörur úr textílefnum.
20. Handunninn útsaumur.

21. Rennilásar.
22. Hnappar og spennur þaktar textílefnum.
23. Bókahlífar úr textílefnum.
24. Leikföng.
25. Textílhútar í fótabúnaði að undanskildu varmafóðri.
26. Borðmottur gerðar úr ýmsum hlutum, yfirborðið ekki stærra en 500 cm².
27. Ofnhanskar og -leppar.
28. Eggjahettur.
29. Snyrtibuddur.
30. Tóbakspýngjur úr textílefnum.
31. Veski eða hylki úr textílefnum fyrir gleraugu, vindlinga og vindla, kveikjara og greiður.
32. Hlífðarvörur sem notaðar eru við íþróttir nema hanskar.
33. Snyrtiveski.
34. Veski fyrir skóbursta og skóáburð.
35. Varningur við útfarir.
36. Einnota vörur, að vatti (baðmull) undanskildu. Í reglum þessum ber að líta á textílvörur, sem ætlaðar eru til notkunar aðeins einu sinni eða í takmarkaðan tíma og þar sem eðlileg nýting slíkra vara útilokar alla endurnýjun til frekari notkunar í sama eða líkum tilgangi, sem einnota vörur.
37. Textílvörur sem heyra undir reglur evrópsku lyfjaskrárinnar sem tilvísun í þær reglur ná til, margnota umbúðir og textílvörur notaðar vegna sjúkdóma og bæklunar.
38. Textílvörur sem heyra undir 12. tölul. í viðauka IV, þar á meðal kaðlar, taugar og reimar, venjulega ætlaðar til:
 - a) notkunar sem íhlutar í búnað við framleiðslu og vinnslu vara;
 - b) innsetningar í vélar, í uppsetningar (t.d. hitunarbúnaðar, loftkælingar eða lýsingar), heimilistæki og önnur tæki, ökutæki og önnur flutningatæki eða til notkunar við rekstur þeirra og viðhald eða til notkunar sem búnaður með þeim, að undanskildum ábreiðum úr segldúk og aukabúnaði úr textílefnum sem seldur er sér til notkunar í vélknúin ökutæki.
39. Textílvörur, ætlaðar til verndar og öryggis, svo sem öryggisbelti, fallhlífar, björgunarvesti, neyðarrennur, slökkvibúnaður, skotheld vesti og sérstakur hlífðarfatnaður (t.d. vörn gegn eldi, kemískum efnum eða annarri vá).
40. Loftupplásin búnaður (t.d. íþróttahallir, sýningastæði eða geymslur), svo fremi upplýsingar um afkastagetu og tæknilýsingar fylgi.
41. Segl.
42. Textílvörur fyrir dýr.
43. Flögg og merki.

VIÐAUKI IV

Framleiðsluvörur sem einungis er skylt að nota sameiginlegan vörumiða eða merki fyrir samkvæmt 2. mgr. 17. gr.

1. Gólfklútar, borðklútar.
2. Hreingerningarklútar.
3. Bryddingar og leggingar.
4. Kögur, snúrur, fléttuð bönd.
5. Belti.

6. Axlabönd.
7. Sokkabönd.
8. Skóreimar.
9. Borðar.
10. Teygjur.
11. Nýjar umbúðir, seldar sem slíkar.
12. Bögglasnæri og baggabönd, reimar, kaðlar og taugar sem ekki falla undir 39. tölulið í viðauka III ¹⁾.
13. Borðmottur o.þ.h.
14. Vasaklútar.
15. Hárnet.
16. Hálstau og slaufur fyrir börn.
17. Smekkir, þvottapokar og andlitsþurrkur.
18. Garn til sauma, viðgerða og útsaums selt í smásölu í litlu magni, (1 gramm eða minna).
19. Bönd fyrir gluggatjöld, rimlatjöld o.þ.h.

1) Þegar um ræðir framleiðsluvörur sem falla undir lið þennan og seldar eru afskornar í lengjum skal sameiginleg vörumerking vera sú sama og á rúllunni. Telja skal kaðla og taugar til notkunar í fjallaklifri og siglingaíþróttum til kaðla og tauga sem falla undir lið þennan.